



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1225 – 706. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint lagafrumvarp. Markið frumvarpsins er, líkt og kemur fram í greinagerð með því, að styrkja réttarstöðu brotþola og þá sérstaklega þeirra sem eru þolendur heimilisofbeldis. Í frumvarpinu eru reglur um nálgunarbann útfærðar mun ítarlegar en í lögum 122/2008, um nálgunarbann ásamt því að sett eru fram ákvæði um brottvísun einstaklings af heimili eða dvalarstað sínum sé það öðrum heimilismönnum hans fyrir bestu.

Mannréttindaskrifstofa fagnar frumvarpinu og telur að ef það verður að lögum muni það hafa mikla og jákvæða breytingu í för með sér frá því sem verið hefur fyrir réttarstöðu brotþola. Á þessi vernd sem í úrræðunum tveimur felst, nálgunarbanni og brottvísun, sérstaklega við í tilfellum þar sem þörf er á að vísa ofbeldisfullum einstaklingi af heimili eða dvalarstað sínum vegna hagsmuna annarra heimilismanna og jafnframt þegar þörf er á að koma í veg fyrir áreiti og refsiverða hegðun sakbornings gagnvart brotþola.

Mannréttindaskrifstofa vill koma eftirfarandi á framfæri.

Þegar gengið er á réttindi einstaklings verður ávallt að hafa í huga að ekki séu nein önnur mildari úrræði möguleg og gæta meðalhófs að öllu leyti. Mannréttindaskrifstofa telur að frumvarpið sé í samræmi við ofangreint þar sem að 6. gr. frumvarpsins felur í sér sérstaka meðalhófsreglu og ekki er heimilt að beita nálgunarbanni/brottvísun ef unnt er að beita öðrum vægari úrræðum með sama árangri. Einnig er með ákvæðum um samvinnu á milli lögreglu og sveitarfélaga í málum er varða brottvísun af heimilum gætt að því að einstaklingur sem vísað er út af heimili sínu þurfi ekki að vera á götunni heldur á félagsþjónusta sveitarfélagsins að útvega honum húsnæði ef hann hefur engin önnur úrræði. Telur mannréttindaskrifstofan að þetta sé í fullu samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Almenna athugasemd nefndar SP um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi nr. 7, (General comment no. 7), þar sem segir m.a. að þegar heimild er í lögum til að vísa einstaklingi af heimili sínu verði að gæta meðalhófs í hvívetna og gera ráðstafanir til þess að hann þurfi ekki að vera heimilislaus.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindaskrifstofan telur að með frumvarpinu gæti ójafnræði á milli brotaþola og sakbornings þegar kemur að því að staðfesta eða hnekkja ákvörðun lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri kemst að þeirri niðurstöðu að nálgunarbanni sé komið á eða að vísa eigi einstaklingi af heimil þá er fer sú ákvörðun strax til héraðsdóms til staðfestingar eða eigi síðar en þrem sólarhringum eftir að ákvörðun er birt fyrir sakborningi. Ef hins vegar lögreglustjóri synjar um beitingu úrræðis 4. gr. og/eða 5. gr. þá getur brotaþoli kært þá ákvörðun til ríkislögreglustjóra. Ef ríkislögreglustjóri staðfestir ákvörðun lögreglustjóra þá er möguleiki fyrir brotaþolann að kæra þá ákvörðun til dómstóla sbr. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Það er því ljóst að fyrir brotaþola til að fá niðurstöðu óháðs utanaðkomandi aðili, líkt og dómara er því lengra og flóknara ferli heldur en fyrir sakborning að þessu leyti. Þrátt fyrir að með því að fara þessa leið sé réttaröryggi brotaþolans gætt þá verður að telja að líkur séu til þess einhverjir einstaklingar sem nytu góðs af nálgunarbanni/brottvísun leggi ekki í þetta ferli eða hreinlega treysti sér ekki til þess að berjast sjálft fyrir því. Því leggur skrifstofan til að allar ákvarðanir lögreglustjóra um úrræði 4. og/eða 5. gr. hvort sem fallist er á það þeim sé beitt eða þá synjað um það séu sjálfkrafa bornar undir héraðsdómara.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri